

**Staðlað upplýsingablað þegar seljandi, sem hefur milligöngu á Netinu um samtengda ferðatilhögun í skilningi b-liðar 5. liðar 3. gr. tilskipunar ESB nr. 2015/2302, er annar en flutningsaðili sem selur farmiða fram og til baka**

Ef bókuð er ferðatengd þjónusta til viðbótar með hjálp þessa tengils/þessara tengla vegna ferðalags eða orlofsferðar, veitir það ferðamanni EKKI réttindi sem gilda um pakkaferðir samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/2302.

Fyrirtæki okkar/XY er því ekki ábyrgt fyrir réttri framkvæmd þessarar ferðatengdu þjónustu til viðbótar. Vinsamlegast hafið samband við viðkomandi þjónustuveitanda ef vandamál koma upp.

Ef bókuð er ferðatengd þjónusta til viðbótar með hjálp þessa tengils/þessara tengla í síðasta lagi 24 klukkustundum eftir að staðfesting bókunarinnar hefur borist frá fyrirtæki okkar/XY verður sú ferðatengda þjónusta þó hluti af samtengdri ferðatilhögun. Í slíku tilviki hefur XY komið á vernd, eins og krafist er samkvæmt lögum ESB, til að endurgreiða greiðslur sem inntar hafa verið af hendi til XY vegna þjónustu sem ekki hefur verið veitt vegna ógjaldfærni XY. Vinsamlegast athugið að þetta veitir ekki endurgreiðslu ef viðkomandi þjónustuveitandi verður ógjaldfær.

Nánari upplýsingar um vernd gegn ógjaldfærni (veittar með tengli).

Með því að smella á tengilinn fær ferðamaðurinn eftirfarandi upplýsingar:

XY hefur tryggt sig gegn ógjaldfærni hjá YZ (aðili sem sér um verndina gegn ógjaldfærni, t.d. ábyrgðarsjóður eða váttryggingafélag).

Ferðamenn geta haft samband við þann aðila eða, eftir atvikum, lögbært yfirvald (samskiptaupplýsingar, þ.m.t. nafn, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer) ef synjað er um þjónustu vegna ógjaldfærni XY.

Athugasemd: Þessi vernd gegn ógjaldfærni nær ekki yfir samninga við aðra aðila en XY, sem hægt er að framkvæma þrátt fyrir ógjaldfærni XY.

Tilskipun (ESB) 2015/2302 eins og hún er leidd í landslög (tengill)